



Námsflokkar Reykjavíkur



starfsKRAFTUR

Tilboð fyrir ungmenni
16–18 ára
með lögheimili í Reykjavík

- Hvenær?
- Frá 8. október - 17. desember 2018
- Hvar?
- Í Námsflokkum Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, 2. hæð — á vinnustöðum
- Hvernig?
- Námskeið alla daga í byrjun, síðan nám tvisvar í viku - starf þrisvar í viku - 10 vikur alls

Námið hefst 8. október 2018

Verkefnið starfsKRAFTUR er ætlað fólki á aldrinum 16-18 ára með lögheimili í Reykjavík sem hvorki stundar nám né vinnu. Markmiðið er að hjálpa ungu fólki að finna lífi sínu farveg með starfsþjálfun, sjálfstyrkingu, ráðgjöf og fræðslu um nám og störf.

**Verkefnið stendur í 10 vikur
frá 8. október - 17. desember 2018**

Dagana 8. október - 2. nóvember er fræðsla og ráðgjöf um nám og störf hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Alla virka daga kl. 13:45-15:45.

Síðasta daginn 14. desember verður unnið lokaverkefni á föstudegi.

Starfsþjálfun fer fram þrjú heila vinnudaga þri., mið. og fim., allt að 6 tíma á dag í allt að 6 vikur, frá 6. nóvember - 13. desember. Möguleiki á að vinna 108 tíma í heildina.

Á sama tíma er sjálfstyrking, náms- og starfsfræðsla og hópefli og menning, mán. og fös. kl. 13:30-15:30.

Fræðsla og ráðgjöf eru veitt í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, 2. hæð (og mögulega í Fablab í húsnæði Fjölbrautarskólans í Breiðholti).

Starfsþjálfun fer fram á vinnustöðum. Reynt verður eftir megni að finna þá vinnustaði sem þátttakendur kjósa.

Greitt verður fyrir störf þátttakenda þá daga sem starfsþjálfunin fer fram. Að verkefninu loknu eiga þátttakendur að hafa fengið reynslu af vinnumarkaði sem hjálpar þeim að útvega sér vinnu og halda henni. Þeir sem standa sig vel í starfsþjálfuninni geta beðið um meðmæli en einnig átt möguleika á að fá framlengingu eða fasta ráðningu.



Verkefnið er samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og sjálfsstyrkingin er í samstarfi við Foreldrahús.

Elma Vagnsdóttir, s. 411-1300, tekur við ábendingum um mögulega þátttakendur.

Nánari upplýsingar veita:
Jódís Káradóttir s. 411-6540, gsm: 664-8606,
Elma Vagnsdóttir, s. 411-1300

Fræðslan tekur mið af námskrá framhaldsskólanna í lífsleikni, auk náms- og starfsfræðslu, námstækni og fræðslu um vinnumarkað.

Fræðsluhlutinn er um 96 kennslustundir og er möguleiki á að fá það nám metið til eininga á framhaldsskólastigi í samræmi við reglur þess skóla sem nám er stundað við. Þeir áfangar sem til greina koma eru Lífsleikni og hugsanlega valeiningar hvernar brautar.



ATH. Nemendur fá greidd laun á starfstíma.

Er starfsKRAFTUR eitthvað fyrir þig?

Hringdu og kannaðu málið!
Síminn hjá
Námsflokkum Reykjavíkur er
411-6540

